

stjórnarinnar, dags. 18. júlím. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt yður 200 ríkisdali í viðbót við þá 500 rdl., sem það með bréfi 30. aprílmán. þ. á. veitti yður, sem styrk til að ferðast á yfirstandanda ári til Íslands, til að rannsaka sullaveiki þá, er þar gengur. 1863.
2. septbrm.

Um leið og þetta er kunngjört yður skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða yður þessa 200 rdl. úr jarðabókarsjóðnum.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bænarskrá héraðslæknis um húsaleigustyrk. 2. septbrm.

Útaf bænarskrá, er stjórnarráðið fekk með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 10. maím. þ. á., frá Jósep Skaptasyni, héraðslækni í vesturhéraði norður- og austurumdæmisins, um að honum verði veittur árlegur húsaleigustyrkur, svo sem jafngildi jarða þeirra, sem hinum tveim héraðslæknunum í amtinu eru fengnar til afnota, skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmálastjórnin eigi sér sér fært að útvega honum húsaleigustyrk þann, er hann sækir um að fá.

69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvort gufu-póstskipið skuli greiða hafnartoll, vatnstoll og hafnsögugjald í Reykjavík. 5. septbrm.

Eftir að stjórnarráðið með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 17. júním. þ. á., hafði meðtekið álitsskjal bæjarfógetans og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort gufupóstskipið Arcturus eigi að svara hafnartolli, vatnstolli og hinu fyrirskipaða gjaldi til hafnsögusjóðsins þar í kaupstaðnum, hefir stjórnarráðið í dag ritað þeim Koch og Henderson, útgjörðarmönnum gufuskipsins, að skip þetta geti um eptirkomandi tíma ekki orðið undanþegið álögum þessum.